

Ed.

422. Frumvarp

til laga um framlenging á gildi laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, og breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir orðunum »20% af innkaupsverði þeirra vara« í 1. málsg. 1. greinar laga nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum, kemur: nema þær vörur, sem hjer eru taldar:

- A. Með 30% stimplast eftirtaldar vörur: Fiskmeti, nýtt, saltað, hert, reykt eða niðursoðið. Kjötmeti og pylsur, nýtt, saltað, þurkað, reykt eða niðursoðið. Hnetur. Makrónudeig. Kaffibrauð allskonar. Kex, annað en matar-kex. Lakkrís. Marsipan. Ilmvötn og hárvötn, sem ekki falla undir lög nr. 41, 27. júní 1921. Hársmyrsl. Tilbúin blóm. Jólatrjesskraut. Loðskinn og fatnaður úr þeim. Silkihættar. Floshattar. Lakkskór. Silkiskór og flosskór. Sólhlifar. Kniplingar. Silki og silkivarningur. Fiður. Dúnn. Skrautfjaðrir. Veggmyndir. Myndabækur. Myndarammar. Glysvarningur og leikföng allskonar. Flugeldar og flugeldaefni. Úr. Klukkur. Gullsmíðis- og silfursmíðisvörur. Plettvörur. Gimsteinar og hverskonar skrautgripir. Eirvörur. Nýsilfurvörur. Nikkelvörur. Tinvörur. Spil.
- B. Með 10% stimplast eftirtaldar vörur: Ávextir, nýir og niðursoðnir. Brennisteinssýrur. Bæs. Ný egg. Eldavjela- og ofnahlutar. Gibslistar. Gleraugu. Grænmeti niðursoðið. Hagldabrauð og tvíbökur. Hellulitur. Heygrímur. Heymælar. Hjólinafir. Hljóðfæri, nema grammófónar og grammófónplötur og hljóðfæri þau, sem talin eru í 2. gr. Hunang. Hurðarhúnar. Húsgagnafjaðrir

og keðjubotnar í rúm. Húsnúmer. Hvalur. Kaffikvarnir. Kaffikönnur. Kitti. Kjötkvarnir. Kristallakk. Leðurlíking. Lofthanar. Nálar. Oliuhanar. Pakkalitur. Prjónar. Reiðhjólahlutar. Ritvjarlar og fjölritar. Skotfæri. Skrúfur. Sporvagnar. Stoppefni í húsgögu. Straujárn. Terpentína. Trjellim. Varahlutar til viðgerðar á vjelum og áhöldum. Vatnshonar. Viðhafnarlausir oliulampar. Purkefni. Þvottaefni. Þurkaðir ávextir.

Frá 1. apríl 1926 skulu reikningar þeir, sem til þess tíma hafa verið stimplaðir með 30%, stimplast með 20%, þeir, sem stimplaðir hafa verið með 20%, stimplast frá sama tíma með 15%, og þeir, sem stimplaðir hafa verið með 10%, með 5%.

2. gr.

Aftan við 3. málsgr. 1. greinar kemur: Asbestþráður. Áttavitar. Baðmullartvinni. Blaðgull til gyllingar. Boltar og rær. Efni til bókbands. Fiðlur. Flygel, til afnota í opinberum samkomusal. Harmonía. Hnoð. Hvítmálmur. Keðjulásar. Kirkjuorgel. Kondensatorþráður. Koparrör. Látún. Ljósker. Piano. Sink. Skriðmælar. Skrifbækur og kensluáhöld. Tvinni. Vefjarskeiðar. Veggalmánök með spjöldum. Vjelapjettingar, Vjelavaselín. Vörpukeðjur.

3. gr.

Við síðustu málsgr. 1. greinar bætist: svo og allar vjarlar til iðnaðar og framleiðslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1925 og gilda til ársloka 1926.